

Almennur félagsfundur landnema í Fellsmörk. 20.nóvember 2024.

19 manns mættu á fundinn

Mætingaskrá látin ganga. Valdimar samþykktur sem fundastjóri. Jóhanna ritar fundinn.

Glærुकynning frá Einari Ragnari.

1. Kynning og umræða um samningamál vegna Fellsmerkur, milli landnema og SR.
2. Staðan í deiliskipulagsferli Fellsmerkur
3. Önnur mál.

1. Fundurinn samþykkir þá stefnu sem stjórn leggur til að fara í samningaviðræðum – að reyna að komast sem næst upprunalegum samningum.

Fundurinn samþykkir að stjórn fái aðstoð lögfræðings við yfirlestur og álitsgjöf á samning.

SR hefur ekki sent út rukkun fyrir árgjaldi. Líta má á þá greiðslu sem ígildi samnings og því mikilvægt að félagsmenn fái þann reikning.

Umræða um ýmis mál, t.d. um sameignarsvæði og hvað verði um þau með nýjum samningum.

2. deiliskipulag. Farið yfir þær breytingar á deiliskipulagi frá síðasta aðalfundi. Helstu breytingar hafa verið gerðar út frá óskum FLF. Tenging skógræktarsvæðis við landnemaspildur. Staðsetning sameiginlegs svæðis var flutt frá Felli.

3. önnur mál.

Óskað eftir að fundagestir fái glærunar með samningstegundum, líka glærurnar með yfirlitsmyndum úr deiliskipulaginu. Einar Ragnar mun senda út hluta af glærum til félagsmanna.

Ályktarnir félagsfundar Fellsmerkur, 20.11.2024

Almennur félagsfundur Félags landnema á Fellsmörk, 20. nóvember 2024, felur stjórn félagsins að halda áfram samningagerð við Skógræktarfélag Reykjavíkur á þeim nótum að fyrirkomulag Fellsmerkur verði sem líkast því sem hefur verið í eldri samningum með skuldbindingu um skógrækt á svæðinu og áframhaldandi umsjón Skógræktarfélagsins með girðingum og vegum á svæðinu.

Almennur félagsfundur Félags landnema á Fellsmörk, 20. nóvember 2024, samþykkir að stjórn félagsins sé heimilt að leita til lögfræðings vegna samningagerðar við Skógræktarfélag Reykjavíkur.